

## 27. fundur í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands ásamt fagráði, þriðjudaginn 20. september 2024 kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi og á Teams.

Mætt voru:

**Úthlutunarnefnd:** Kristján Sturluson, Sigríður Finsen, Jónína Erna Arnardóttir og Helena Guttormsdóttir formaður.

**Fagráð:** Elva Ösp Magnúsdóttir formaður, Trausti Gylfason og Ingunn Stefánsdóttir á Teams.

**Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV:** Hrafnhildur Tryggvadóttir, Helga Guðjónsdóttir og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning

Helena Guttormsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Svölu Svavarsdóttur orðið sem fór yfir skipulag fundarins.

### 2. Atvinnu- og nýsköpunar – seinni úthlutun

Úthlutunarnefnd og fagráð fóru yfir allar umsóknirnar sem bárust í seinni úthlutun til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Samþykkt var að úthluta kr. 13.845.000 til 13 umsókna en alls bárust 19 umsóknir.

Kristján Sturluson vék af fundi þegar umsókn Hólshlíðar ehf. var tekin fyrir.

Sigríður Finsen vék af fundi þegar umsókn Hector Fabio Lopez Castano var tekin fyrir.

### 3. Sóknaráætlun 2020-2024 á enda

Starfi er lokið við Sóknaráætlun 2020-2024 og ný tekur við. Það má ætla að einhverjir

nefndarmenn og fagraðsfulltrúar muni fá boð um að halda áfram en einhverjir munu hætta þegar valið verður í störf fyrir Sónaráætlun Vesturlands 2025-2029. Nefndarmenn og fagraðsfulltrúar þökkðu fyrir gott samstarf.

Fundi slitið kl. 11:54.